

Fimmti fundur Umhverfisnefndar 2014-2015 haldinn 15.apríl 2015 klukkan 14:00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Bríet Sunna, Iðunn Kara, Sigurdís Ósk, Tómas Hrafn, Kristján Pétur, Böðvar Snær og Ólöf Ósk Fulltrúar starfsfólks Guðrún Sigurðardóttir starfsmaður og verkefnisstjóri og fulltrúi foreldra Sandra Brá Jóhannsdóttir.

Þórunn setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Fyrst rifjaði Þórunn upp reglu fundarins um að rétta upp höndina til að fá orðið og ein talar í einu. Þórunn las svo yfir síðustu fundargerð þar sem engin mundi hvað ákveðið var á þeim fundi.

Fundarmenn staðfestu að unnið hafi verið að þeim áætlunum sem gerðar voru á síðasta fundi. Umræður spunnust um það hvað kúaskíturinn gerir fyrir gróðurinn og var þó nokkur umræða um stærð á kúakúk og af hverju bændur væru að setja kúk á túnin. Sandra spurði hvort við ættum kannski að setja skít í moldinni hjá fræjunum og var niðurstaðan sú að við vildum það ekki. Þórunn sagði okkur frá því að það væri ekki gott fyrir, svo sýnir hún okkur hvað verður um fræin sem við vorum búin að setja í moldina og sagði okkur frá því að þegar við myndum setja þau út væri í lagi að setja áburð á þau.

Sandra spurði okkur að því hvað við værum að gera með trjágreinar í fötu með vatni hér úti? Og útskýrði Böðvar fyrir henni hvað verið væri að gera þar sem þetta var hans hugmynd. Við erum að athuga hvort það komi rætur á greinarnar eins og gerðist með páska skrautsgreinarnar hér inni, ef það tekst ætlum við að gróðursetja þær og athuga hvort það vaxi ekki ný tré.

Fyrir næsta fund

Fyrir næsta fund ætlum við að skoða útileiktæki sem okkur langar í og við megum hafa á leikskólaklóðinni.

Einnig var ákveðið að við verðum að hugsa vel um fræin okkar og ef þau verða orðin nægilega stór að setja þau út.

Tillögurnar voru samþykkt af öllum fundarmönnum.

Þórunn þakkaði fyrir góðan fund og sagði fundi slitið.